



Um þjónustu talmeinafræðings

við börn, foreldra og starfsmenn leik- og grunnskóla
í Ísafjarðarbæ

- Talmeinafræðingur metur málproska barna í kjölfar tilvísana frá foreldrum og skólum.
- Í kjölfarið heldur talmeinafræðingur skilafund með foreldrum og starfsfólki skóla, þar sem niðurstöður eru kynntar og foreldrar og kennarar fá leiðbeiningar um þjálfun barnsins heima og í skóla. Börn með væg frávík og ekki falla undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands v. kostnaðarþátttöku, en þurfa þó þjálfun að mati talmeinafræðings geta fengið allt að 3 þjálfunartíma á kostnað sveitarfélagsins.
- Fyrir þau börn sem falla undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands þarf að fá beiðni um talþjálfun frá heimilislækni. Talmeinafræðingur aflar þess í samvinnu við foreldra áður en til þjálfunar kemur. Sé beiðni samþykkt fær barnið allt að 20 skipti í talþjálfun á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldrar greiða 23% kostnaðar við þá þjálfun og er þar tekið mið af gjaldskrá SÍ.
- Að lokinni þjálfunarlotu er tekið hlé, talmeinafræðingur metur árangur þjálfunarinnar og stöðu barnsins og skilar skriflegri niðurstöðu til foreldra og skóla.
- Foreldri/forráðamanni er skylt að sitja í þjálfunartímum með barninu, óski talmeinafræðingur eftir því, til þess að geta betur fylgt eftir þjálfuninni heima. Þjálfun og eftirfylgni heima eykur til muna líkur á góðum árangri.